



Gildandi deiliskipulag samþ. skipulagsnefnd: 14.03.13



GREINARGERÐ með skipulagi samþ. 24.05.2012

Forsendur og staðhættir

Á jörðunum Rauðaskriðu I og III hefur verið stundað ferðapjónusta í rúm tuttugu ár og er hún nú rekin undir nafninu Hótel Rauðaskriða. Núverandi gistirými er fyrir um 40 manns auk aðstöðu fyrir veitingarekstur. Aðstan hefur verið byggð upp í kringum íbúðarhús jarðanna, því breytt með viðbyggingum í gistiherbergi og veitinga- og byggingu tveggja gistiskála um 150 m<sup>2</sup> hvor og sex gistiskála á bilinu 20-45 m<sup>2</sup> að stærð. Plantað hefur verið töluverðu af skjólbeltum í nágrenni húsanna og í næsta nágrenni við þau. Fyrirhugað er að reisa viðbótar gistihús norðan heimreiðar á gömlu túni neðan núverandi gistiskála og byggja við/stækka núverandi matsal. Samkvæmt aðalskipulagi Þingeyjarsveitar er landið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði um 5,38 ha að stærð sbr. gr. 4.5.2 í greinargerð. Fornleifaskráning hefur verið gerð í landi Rauðaskriðu (FS332-05211 2006) og eru minjar samkvæmt henni merktar inná skipulagsupplýsingum. Minjar nr. SP-258:020 "Hesthúshóll" eru í, eða við byggingarreit (v) fyrir matsal. Þar hefur landið verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Við minjar SP-258:025 gamlan kálgerð sem er norðan við byggingarreit (g), verði komið fyrir upplýsingaskilti til að vekja athygli gesta á sögu hans og bætt aðgengi að honum, sbr. umsögn minjavarðar dags. 18.05.12. Þá verði gistihús einnig um 6 m frá garðinum. Komi nýjar minjar í ljós við framkvæmdir er skilt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart.

Aðkoma og veitur

Aðkoma er af heimreiði í Rauðaskriðu sem tengist þjóðvegi nr. 85, kostuð og viðhaldið af landeiganda. Viðhald heimreiðar sem skilgreind er sem héraðsvegur er í umsjá Vegagerðarinnar. Vatn fæst úr vatnsveitu jarðanna og vatnsbóli í hlíðinni austur af bænum. Fráveita fyrir nýja gistihúsið verður tengt rotþró sem komið verður fyrir norðan vegarskurðar vestan við byggingarreit. Frágangur skal vera í samræmi við kröfur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Skilmálar

Gert er ráð fyrir að reisa eitt gistihús (g) um 225 m<sup>2</sup> að stærð og er staðsetning þess frjáls innan byggingarreits. Þakform verður mænispaks um 4 m að hæð og vegghæð um 2.70 m. Þá er gert ráð fyrir stækun á matsal (v) (garðskála) um 100 m<sup>2</sup>. Þak einhalla í samræmi við núverandi byggingu og hæð um 4 m. Bæði húsin verða byggð úr timbri og litaval verður í samræmi við núverandi byggingar þ.e. ídekkur timburlitur. Dökkt járn eða stál á þökum.

Breyting 2013

Breytingin gerir ráð fyrir að byggja við eða stækka núverandi matsal til norðurs vestan við íbúðar- og gistihúsið. Stærð hússins á nýjum byggingarreit (v2) verður um 42 m<sup>2</sup>, byggt úr timbri með einhallapaki. Mesta hæð verður um 3,5m.

Breyting 2014

1) Fyrirhugað er að reisa sex gistihús á næstu árum norðan og norðaustur af núverandi ferðapjónusumannvirkjum. Stærð húsa verður á bilinu 120-150 fm og hvert með fjórum tveggja-þriggja manna herbergjum. Hæð húsa með risi verður um 4m, byggð úr timbri og litaval í samræmi við núverandi gistihús í næsta nágrenni nýbygginganna þ.e. grænleit þök og viðarlitur á veggjum. A byggingarreit nr. 1 er gert ráð fyrir þremur húsum og í húsi merkt 1 til skýringar á uppdrætti er auk gistiherbergja um 30 fm þjónusturými fyrir lín og fl. vegna þjónustu við húsin. A byggingarreit nr. 2 verður eitt hús og á nr. 3 verða tvö hús. Í hverju gistihúsi skal vera eitt herbergi sérhannað fyrir hreyfihlaða sbr. 6.10.3. gr. í byggingarreglugerð. Komið skal fyrir að lágmarki fjórum bílastæðum fyrir hvert hús og þar af eitt sérmerkt fyrir fatlaða.

2) Áform eru um að breyta útihúsum þ.e. hesthúsi og hlöðu og nýta fyrir ferðapjónustu og því settur byggingarreit nr. 4 um þau, ef þörf væri á minniháttar viðbyggingum vegna breyttra nota.

Forminjar

Samkvæmt umsögn minjavarðar Sigurðar Bergsteinnssonar frá 11.04.2014 er nauðsynlegt að gerðir verði könnunarskurðir vegna fornleifar nr. SP-258:004 heimild um lambhús við norðvestur horn útihúsa, áður en til framkvæmda kemur við vegalagningu og bílastæði við þau. Í framhaldinu gæti verið nauðsynlegt að rannsaka minjarnar með uppgrefti, ef niðurstöður könnunarskurða gefa tilefni til. Aðrar minjar sem getið er í umsögninni eins og SP-258:013 tungarður og SP-258:024 útihús eru utan skipulagssvæðisins og verða ekki fyrir raski vegna framkvæmda á deiliskipulagssvæðinu.

Samþykktir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari br. var auglýst frá og með 21.02.2014

með athugasemdafresti til og með 4.04.2014

var samþykkt í sveitarstjórn

þann 25.04.2014 í Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann 16.07.2014 nr. 690/2014

Rauðaskriða I Þingeyjarsveit, ferðapjónustuhús  
teikn: Breytt deiliskipulag mkv: 1:2000 í A2 teiknað af: ghg

verknr: 14-101 dags: 17.01.14 br: 22.04.14 br: teikn-nr: 1

**BÚGARÐUR**  
Ráðgjafapjónusta á Norðausturlandi  
Óseyri 2, 603 Akureyri, s:460 4477, netf: bugardur@bugardur.is